

Fundargerð
316. stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)
Fimmtudaginn 18. nóvember 2021 kl. 8³⁰–09⁵⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
 Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
 Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Jóhann Guðjónsson (JG)
 Hildur Hauksdóttir (HH)
 Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
 Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
 Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar.

Gerð var athugasemd við orðalag fundargerðar vegna áritunar ársreikninga.

Samþykkt með áorðnum breytingum.

2. Starfið framundan.

Ákveðið að fara í lið 3.

LHG upplýsti að hún hafi beðist lausnar sem stjórnarformaður Úrvinnslusjóðs vegna anna við önnur störf. Einnig var upplýst að ráðherra hafi skipað Magnús Jóhannesson sem stjórnarformann Úrvinnslusjóðs frá með 19. nóvember 2021.

LHG þakkar gott samstarf við stjórn og starfsmenn Úrvinnslusjóðs. Stjórnarmenn þökkðu LHG gott samstarf og vel unnin störf.

3. Loftslagsstefna og Græn skref.

Umræðu framhaldið frá síðasta fundi. Stjórn staðfestir loftlagsstefnuna samhljóða.

Stjórn staðfestir loftlagsstefnuna samhljóða.

Á síðasta stjórnarfundum var farið yfir vinnu starfsmanna sjóðsins við innleiðingu á Grænum skrefum. Úrvinnslusjóður fékk úttekt á fyrstu þremur skrefunum 16. nóvember 2021 og stefnir á

að fá úttekt á þeim tveimur skrefum er vantar innan Grænna skrefa í ríkisrekstri fyrir áramót. Stjórn fagnar þessum áfanga.

4. Rafræn skilavottorð.

Framhaldið var umræðu frá síðasta stjórnarfundi. Rifjað var upp að Stafrænt Ísland innleiddi að hluta rafræn skilavottorð fyrir úrsérgengin ökutæki í ársbyrjun 2020. Það sem á vantar er aðallega að móttökuaðilar sem eru á vegum sveitarfélaga (Úrvinnslusjóður greiðir sveitarfélögum sem gera síðan upp við móttökuaðila) geti staðfest móttöku ökutækja til úrvinnslu og sent afskráningarbeiðni til Samgöngustofu. JG mætti á fundinn kl. 8:40 og fór yfir að fyrir liggur að ljúka verkefninu þannig að allir landsmenn geti nýtt sér rafræn skilavottorð og einnig eigi að klára að setja upp tölvuviðmót fyrir sjóðinn.

Fram komu spurningar á síðasta stjórnarfundi um skiptingu kostnaðar á milli Stafræns Íslands og Úrvinnslusjóðs, skiptingu kostnaðar á milli vöruflokka og hvort verkefnið félli undir rammisamninga SÍ eða hvort bjóða þyrfti út verkefnið. Lagt var fram á fundinum yfirlit um skiptingu kostnaðar sem JG fór yfir. Stjórnarmenn ræddu stöðuna.

Stjórn samþykkir að halda áfram vinnu við verkefnið með fyrirvara um svar Ríkiskaupa um útboðsskyldu.

JG yfirgaf fund kl. 8:55.

5. Álagning á nýja vöruflokka.

Rifjað var upp að stjórn ræddi fyrr á árinu mögulegar leiðir við álagningu úrvinnslugjalds á gler-, málm- og viðarumbúðir. Farið var yfir að verkefnið er flókið og því mikilvægt að fjalla sem fyrst um framkvæmd á álagningunni við innflytjendur, framleiðendur og tollmiðlara. Lagt var til að stofna verkefnahóp sem skipaður er stjórnarmönnum ásamt starfsmönnum Úrvinnslusjóðs. Stjórnarmenn ræddu stöðuna. Minnt var á minnisblað sem GE tók saman um verkefni sjóðsins framundan og voru kynnt stjórn fyrir nokkrum misserum síðan. Rætt var almennt um upplýsingagjöf til stjórnarmanna.

Stjórn samþykkir að stofna verkefnahóp vegna álagningar á nýja vöruflokka. Fulltrúar stjórnar verða HPH, BSB og LÓ.

6. Heyrúlluplast.

Farið var yfir á fundinum að á síðastliðnu sumri safnaðist heyrúlluplast upp hjá þjónustuaðilum. Stjórnin ákvað að hækka tímabundið, eða til 31. desember 2021, endurgjald fyrir fullunnið heyrúlluplast (perlur) úr 90 kr/kg í 120 kr/kg. Endurgjald fyrir baggað heyrúlluplast var hins vegar óbreytt.

Farið var yfir að komið hefur fram hjá þjónustuaðilum sem safna heyrúlluplasti að kostnaður við að koma því til endurvinnslu er orðinn hærri en endurgjald sjóðsins, hvort sem því er skilað til endurvinnslu hér á landi eða flutt út.

Stjórn ræddi leiðir við endurskoðun á endurgjaldi. Rætt var um tekjur sjóðsins vegna plastumbúða sem og mismunandi endurgjald eftir úrgangsstraumum.

Umræðu frestað til næsta fundar.

7. Önnur mál.

LHG fór yfir að borist hafa skjöl frá Fjársýslu ríkisins til rafrænnar undirritunar stjórnarmanna vegna ársreikninga Úrvinnslusjóðs fyrir árin 2017-2020. LHG ítrekaði að stjórnarmenn færu sem allra fyrst yfir skjölin og undirrituðu ef engar athugasemdir væru.

Stjórn samþykkir að halda ársfund 9. desember nk.

Næsti fundur 2. desember 2021 kl. 08:30

Fundi slitið kl. 09:50